



6. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2019 - 2020 haldinn föstudaginn 5. júní 2020 kl.12:00.

Mætt voru: Kristinn Þorsteinsson skólameistari (Kþ), Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður, Steinþór Einarsson, Frosti Jónsson og Þorgerður Anna Arnardóttir. Anna Sigríður Brynjarsdóttir fulltrúi kennara og Anna Sóley Stefánsdóttir fulltrúi nemenda. Fundinn sat einnig Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari sem jafnframt ritaði fundargerð.

Dagskrá:

- Fjármál skólans – hækkan launa kom inn á vorönninni og þar var líka um afturvirkar hækkanir að ræða svo fjármagn vegna þess er ekki komið inn. Lítið var um ferðir á skólaárinu þannig að þar sparaðist eitthvað . Fjárhagstaða skólans er í lagi. Farið verður í fjárfestingar á fartölvum fyrir kennara og mun verða notast við „dokkur“ í stofum sem nýtist kennurum og nemendum. Stefnt er á að þetta verða tilbúið í haust.
- Covid 19 – Hvað gerist í haust? Stefnt á eðlilegan skóla í haust, enginn getur hugsað sér aðra Covid önn. Hver verða langtímaáhrifin af ástandinu? Vonum það besta, en verðum að vera tilbúin fyrir aukinn stuðning ef á þarf að halda. Nemendur vilja rútínu og þrá að mæta í skólann í haust eftir stundatöflu. Nemendur almennt mjög þakklátir fyrir kennarana á þessum erfiða tíma sem var meðan Covid faraldurinn gekk yfir. Fundartækni mun nýtast til frambúðar.
Það þarf að taka vel á móti nýnemum í haust og nemendastjórnin mun verða tilbúin til þess.
- Innritun haust 2020 – 600 umsóknir nýnema eins og staðan er í dag í fyrsta og annað val. FG er sátt við sína stöðu. Skólinn er vinsæll en það er ekki pláss fyrir alla sem sækja um þó þeir búi í Garðabæ.
- Breytingar á starfsmannamálum – Tveir nýir afleysingakennarar hafa verið ráðnir fyrir haustið. Litlar breytingar á mönnun kennslustjóra, félagsmálafulltrúa, forvarnafulltrúa og umsjónarmanns fjarnáms.
- Önnur mál – athugasemd vegna breytinga á gjaldskrá, hvatt til að gjaldskrá sé hærri ef um bréfaþóst er að ræða á móti rafrænum skjölum.
Útskriftin var ekki með hefðbundnu sniði en tókst vel.

Fundi slitið kl.13:00

Fundarritari: Snjólaug E. Bjarnadóttir